

Ed.

1072. Frumvarp til laga

um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp á árinu 1945 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa og annast rekstur hennar fyrst um sinn.

Rekstur raforkuveitu þessarar getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 3 millj. króna lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.